

72

24. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Nú telur eftirlitsmaður hreindýra, að þeim hafi fjölgað svo, að stofninum stafi eigi hætta af veiðum, og er ráðherra þá rétt að heimila veiðar, enda skal hann þá setja reglur um veiðarnar, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanna og eftirlitsmanns, og kveða á um, hvert renna skuli hagnaður, er verða kann af veiðunum. Heimilt er ráðherra að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skal varða allt að 10000.00 króna sekt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

73

20. apríl

L Ö G

um breyting á póstlögum, nr. 31 12. febr. 1940.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi 2 nýjar málsg., svo hljóðandi:

Í Reykjavík og annars staðar í landinu, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram og slíkt þykir henta, getur póstmeistari með samþykki póst- og símamála-stjórnar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem póst- og símamálaráðherra setur, gert húsigendum skylt að setja upp bréfa-kassa í eða við hús sín, á þeim stað, sem

póstmeistari samþykkir, undir þann póst, sem í húsið á að fara. Skal gerð kassanna háð samþykki póstmeistara, og er húseigendum skylt að halda þeim við. **73**

20. apríl

Nú lætur húseigandi undir höfuð leggjast að sinna fyrirmælum póstmeistara, og varðar það sektum samkvæmt 22. gr., og heimilast þá póstmeistara, ef svo ber undir, að útvega, setja upp og halda við bréfaökssum á kostnað húseiganda. Kostnað þennan má krefja með lögtaki.

2. gr.

Upphaf 22. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 3., 4., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

AUGLÝSING**74**

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Rúmeníu.

23. apríl

Hinn 13. apríl 1954 voru undirritaðir í Reykjavík viðskipta- og greiðslusamningar milli Íslands og Rúmeníu.

Samningarnir gilda frá undirritunardegi til 31. desember 1955.

Samkvæmt samningunum er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út saltsild, freðsild, hraðfrystur fiskur og saltfiskur.

Helztu útflutningsvörur frá Rúmeníu til Íslands verða harðviður, fóðurbætir og maismjöl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytið, 23. apríl 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.